

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 88 – 14.06.2007

Fimmtudaginn 14. júní, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 20.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Hólmfríður Guðmundsdóttir í forföllum Péturs Valdimarssonar, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur 2006
2. Tilboð í kaldavatnstanka á Hólum og á Steinsstöðum og í borholu- og dæluhús í Hrolleifsdal.
3. Samningur um þjónustu á milli Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. og Skagafjarðarveitna ehf.
4. Trúnaðarmál.
5. Lán Orkusjóðs vegna borunar í Kýrholti.
6. Önnur mál.
 - a. Bréf frá Iðnaðarmannafélagi Skagafjarðar.
 - b. Kynningar plagat.

Einar Gíslason bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Afgreiðslur

1. Kristján Jónasson hjá KPMG Endurskoðun á Sauðárkróki skýrði ársreikninga Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2006. Samþykkt að halda aðalfund Skagafjarðarveitna ehf. 6. júlí nk. kl. 14.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.
2. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka tilboði K-Taks í kaldavatnstanka á Hólum og á Steinsstöðum og tilboði Trésmiðjunar Ýr í borholu- og dæluhús í Hrolleifsdal. Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðistofunni Stoð ehf á Sauðárkróki mætti fundinn undir þessum lið.
3. Lagður fram þjónustusamningur á milli Gagnaveitu Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf, samningurinn samþykktur og undirritaður.
4. Trúnaðarmál (sjá trúnaðarbók)
5. Lagður fram tölvupóstur frá Skagafjarðarveitum dags. 12. júní sl. og greinagerð frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða dags. 6. júní sl. til Orkusjóðs vegna stöðu mála við Kýrholt. Í erindi sínu fara Skagafjarðarveitur fram á við Orkusjóð að fá að fresta greiðslu afborgunna á láni Skagafjarðarveitna hjá Sjóðnum.
6. Önnur mál.

Fundurskv070614

- a. Lagt fram bréf frá Iðnaðarmannafélagi Skagafjarðar þar sem er óskað eftir niðurfellinga skulda félagsins. Stjórnin hafnar erindinu.
- b. Samþykkt að senda kynningar plagat um sögu Veitnanna í grunnskólanna í Skagafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.00

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Hólmfríður Guðmundsdóttir (sign)

Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.